

89. stjórnarfundur haldinn 29. apríl 2015 í Gömlubúð á Höfn.

Mætt: Ármann Höskuldsson, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Björn Ingi Jónsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl.10:30

1. Dagskrár samþykkt

2. Stjórnunar- og verndaráætlun

Fyrir fundinum lá aftur, frá síðasta fundi, 5.útgáfa af drögum að Stjórnunar- og verndaráætlun með áorðnum breytingum.

- Ákveðið, af lagatæknilegum ástæðum, að taka út tillöguna um ákvæði fyrir bráðabirgðavegi.
- Stefnt að því að ljúka yfirferð á nýjustu útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar á næsta stjórnarfundum.

Fyrir lá einnig tillaga frá svæðisráði norður, að beiðni Neyðarlínunnar, um skoðun á heimild til að byggja litla rennslisvirkjun (ca.10kW) í Svartá við Vaðöldu.

- Stjórn sammála um að veita heimild til áframhaldandi vinnu við undirbúnings þessa verkefnis, en farið verði með undirbúningsferlið, eins og um tilkynningarskylda framkvæmd sé að ræða.

3. Fjármál

- Rekstraráætlun 2015

Rædd var og kynnt drög að rekstraráætlun fyrir árið 2015. Í Fjárlögum ársins 2015 er gerð er krafa um hagræðingu í rekstri. Brúttó heildarútgjöld á árinu eru áætluð 500 m.kr., á móti koma annars vegar framlög á Fjárlögum þessa árs til rekstrar að upphæð 280,2 m.kr. og hins vegar áætlaðar heildartekjur þjóðgarðsins og reksturinn áætlaður að verði í jafnvægi.

- Stjórn samþykkti framlagða Rekstraráætlun fyrir árið 2015.

- Framkvæmdaáætlun 2015

Rædd var og kynnt drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2015. Til framkvæmda á Fjárlögum þessa árs eru framlög 108,2 m.kr., og 15 m.kr. sérmerktar til undirbúnings Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

- Stjórn samþykkti framlagða Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2015.

- Fjárlagatillögur 2016

Í vinnu við tillögur inn í frumvarp til Fjárlaga 2016 verður farið fram á verulega hækkun á bæði rekstrar- og framkvæmdalið.

- Stjórn samþykkti umboð til að vinna áfram með tillögur á þeim grunni.

4. *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri*

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins og mun áfram skoða og vinna með lausn þess.

5. *Jökulsárlón*

Í framhaldi síðasta stjórnarfundar fór BII yfir stöðu málsins og ekkert nýtt í málinu.

Fjallsárlón

Sveitarfélagið hefur haft frumkvæði um gerð aðal- og deiliskipulags svæðisins, sem er í þjóðlendu og auglýsti eftir tilboðum í rekstur á svæðinu. Sveitarfélagið hefur nýverið gengið frá samningi við aðila um rekstur á svæðinu til næstu 9 ára.

6. *Atvinnustefna Vjþ*

RBH óskaði eftir yfirferð um atvinnustefnu þjóðgarðsins, en ákveðið var að taka málið aftur sérstaklega upp á næsta fundi.

7. *Önnur mál*

- SH spurðist fyrir um hvar vinna við menntastefnu/fræðslustefnu þjóðgarðsins stæði og stöðu samskipta við Vini Vatnajökuls varðandi það verkefni. Formaður svaraði því til að hann óskaði eftir að nefndin skilaði inn áætlun um kostnað og umfang við gerð stefnunnar.
- Ferð í Vonarskarð
- Ákveðið að stjórn fari í skoðunarferð um Vonarskarð 11. ágúst.

8. *Næsti stjórnarfundur á austursvæði 3. júní.*

Fundi slitið kl.16:00